

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 8. apríl 2009

Stýrivextir lækkaðir um 1,5%

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka stýrivexti bankans um 1,5% og standa þeir nú í 15,5%. Viðskiptaráð Íslands fagnar þessari lækkun en telur þó nægt svigrúm til frekari lækkunar. Hjöðnun verðbólgu hefur verið skörp enda eru umsvif og eftirspurn í hagkerfinu á hröðu undanhaldi. Húsnæði fer nú lækkandi, velta í smásölu og aðrir hagvísar sem endurspeglar innlenda eftirspurn benda til mikils samdráttar, atvinnulausum fjölgar hratt og launaþrýstingur er lítill. Eini óvissuþátturinn hvað varðar verðbólguþróun virðist því vera gengi krónunnar og áhrif hennar á verðbólguvæntingar markaðarins.

Höftum á fjármagnsflutningum var ætlað að koma í veg fyrir útfærði fjármagns og gera Seðlabanka Íslands kleift að byggja upp gjaldeyrisforða sinn samhliða hagstæðri þróun í vöruskipta- og þjónustujöfnuði. Þetta hefur ekki gengið sem skyldi enda hafa gloppur á lögunum leitt til þess að ýmsir aðilar hafa farið í kringum höftin. Þetta er til marks um hve óskilvirkt stýritæki höft eru gegnumsneytt, enda hefur reynslan sýnt að aðlögunarhæfni markaðarins er iðulega meiri en stjórnvöld gera ráð fyrir.

Háum vöxtum er væntanlega ætlað að draga úr hvata markaðsaðila til að fara á sveig við höftin og létta þannig á þrýstingi á gengi krónunnar. Hér er þó um tvíeggja sverð að ræða enda leiða hærri stýrivextir til aukinna vaxtagreiðslna úr landi og þar með aukins þrýstings á gengi krónunnar. Í ljósi þess að gjaldeyrishöft eru ekki ætluð sem varanleg lausn ættu stjórnvöld í samvinnu við Seðlabanka Íslands að leggja á það þunga áherslu að móta trúverðuga áætlun um hvernig sköpuð verði skilyrði til að hægt verði að aflétta þeim og koma á eðlilegum gjaldeyrismarkaði í kjölfarið. Gagnsæ og skýr framtíðarstefna getur myndað mikilvæga kjölfestu í væntingum markaðsaðila og stuðlað að frekari trúverðugleika hagkerfisins sem og krónunnar.

Þrátt fyrir þau vandkvæði sem höft af flestu tagi skapa atvinnu- og efnahagslífi, hvetur Viðskiptaráð til þess að markaðsaðilar starfi eins og kostur er í anda þeirrar gjaldeyrislaga sem nú er við líði. Víki margir þar frá mun það skaða hagsmuni heildarinnar vegna neikvæðra áhrifa á gengi krónunnar.

Efnahags- og skattanefnd fellur frá skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi

Í fréttabréfi Viðskiptaráðs þann 27. mars síðastliðinn var fjallað um frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt (366. þingmál), en frumvarpið gerði m.a. ráð fyrir að vaxtagreiðslur úr landi yrðu skattlagðar og að settar yrðu svokallaðar CFC reglur.

Eins og fram kom í fréttabréfinu þá gerði Viðskiptaráð viðamiklar athugasemdir við frumvarpið, þá einkum 1. gr. þess er kvað á um skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi. Það var og er álit ráðsins að slík skattlagning muni á endanum vera borin af innlendum lántakendum í formi hærra vaxtaálags, líkt og Efnahags- og framfarastofnun (OECD) hefur haldið fram. Auk þess er ljóst að slík skattlagning myndi hefta aðgengi innlendra aðila að fjármagni á alþjóðlegum mörkuðum enn frekar en þegar er.

Frumvarpið bíður nú 3. umræðu á Alþingi en að lokinni 2. umræðu í þinginu var því vísað aftur til efnahags- og skattanefndar. Í gær kom út framhaldsnefndarálit, sem má nálgast [hér](#), en þar leggur nefndin til að fyrrnefnd 1. gr. frumvarpsins verði felld út. Viðskiptaráð fagnar þessari ákvörðun nefndarinnar og telur að með henni hafi verið komið í veg fyrir að þrándur yrði lagður í götu fyrirtækja við öflun fjármagns á erlendum mörkuðum, en slík fjármögnun mun skipta sköpum fyrir endurreisn íslensks atvinnulífs.

Hvert er förlinni heitið?

Nú eru rúmlega tvær vikur til kosninga og lýkur þá störfum 80 daga stjórnarinnar, a.m.k. þar til niðurstaða kosninga liggur fyrir. Á þeim níu vikum sem liðnar eru frá því að ný stjórn tók við völdum hefur lítið miðað í úrlausn erfiðra skammtímavandamála. Vextir eru enn í hæstu hæðum, gjaldeyrishöft hafa verið þrengd frekar, atvinnuleysi haldið áfram að vaxa, engar markvissar lausnir eru í farvatninu hvað varðar skuldavanda heimila og fyrirtækja, gjaldþrotum fjölgar hratt og bankakerfið er enn í lamasessi. Það virðist því litlu hafa breytt um framgang mikilvægra mála að skipt hafi verið um ríkisstjórn.

Það sem vekur enn frekari áhyggjur er það viðhorf sem stjórnámálamenn úr öllum flokkum virðast hafa gagnvart vandanum. Í stað þess að einbeita sér í sameiningu að brýnum málum er varða hagsmuni heimila og fyrirtækja hefur tími og orka Alþingis þess í stað farið í þref og deilur um pólitíska hugmyndafræði. Með þessu er þingið að sýna öllum þeim sem standa frammi fyrir gjaldþroti, atvinnuleysi eða öðrum erfiðleikum vegna stöðu hagkerfisins bæði skeytingarleysi og vanvirðingu. Á tímum eins og þeim sem nú ganga yfir er ekki ósanngjarnt að krefjast þess að stjórnámálamenn einbeiti sér að því að greiða úr þeim aðkallandi vanda sem heimili og fyrirtæki standa frammi fyrir og leggja samhliða grunn að endurreisn hagkerfisins.

Annað vandamál í ranni stjórnámálanna er algjör skortur á málefnalegri framtíðarsýn flokkanna. Það liggur fyrir að framundan eru erfiðar ákvarðanir sem koma til með að hafa afgerandi áhrif á lífskjör allra

landsmanna. Þessar ákvarðanir snúa að framtíðarstefnu í utanríkis- og peningamálum, stefnu í fjármálum hins opinbera og verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila. Afstaða til þessara grundvallarþátta ætti að sjálfsögðu að vera skýrt mörkuð í stefnu allra flokka. Svo virðist þó ekki vera og því renna kjósendur blint í sjóinn fyrir þessar mikilvægustu kosningar í áratugi. Kosningar eiga að snúast um val á samfélagsgerð og efnahagsstefnu, ekki flokkaþras og hnútukasti.

Framundan eru erfiðir tímar þar sem mikilvægar og í mörgum tilfellum sársaukafullar ákvarðanir þurfa að koma til framkvæmda. Stjórnmalaflokkar eiga ekki að veigra sér við því að gefa upp framtíðaráætlanir sínar og treysta á skynsemi kjósenda fremur en að spila á tilfinningar þeirra með lýðskrum og neikvæðni. Með það í huga hvetur Viðskiptaráð Íslands flokka landsins til að gera grein fyrir stefnumörkun sinni í áðurnefndum grundvallarmálum með eins gagnsæjum, málefnalegum og skýrum hætti og frekast er unnt.

Viðskiptaráð óskar gleðilegra páska

Viðskiptaráð óskar aðildarfélögum og öðrum samstarfsaðilum gleðilegra páska.

Skrifstofur ráðsins verða lokaðar frá skírdegi fram á annan í páskum.

Kær kveðja,

Starfsfólk og stjórn Viðskiptaráðs.